

L-saga

Það var laugardagur og frí í leikskólanum, svo að _____ hafði farið út í garð til að leika sér. Hann var með rauðan bolta og var að leika sér með hann í grasinu. Grasið var grænt, því það var að koma sumar. En allt í einu fór svólítið skrýtið að gerast. _____ tók eftir því, að rauði liturinn hvarf smátt og smátt, þannig að boltinn hennar varð grár. Svo fór græni liturinn að hverfa, og grasið og laufblöðin urðu grá líka. _____ leit upp í bláan himininn, og hann byrjaði líka að verða grár.

”Hvað er eiginlega að gerast?” hrópaði _____ upp fyrir sig. ”Af hverju eru litirnir að hverfa?”

Þá heyrði hann illgjarnan hlátur sem virtist koma ofan úr loftinu: ”Ha, ha, ha, ha!” Síðan fjarlægðist hláturinn og hvarf. Þá skildi _____ að þetta var vonða galdrakarlinum að kenna.

_____ ætlaði að fara inn til að segja mömmu og pabba frá því sem hafði gerst, en þá heyrði hann allt í einu að einhver var að gráta. Hljóðið kom úr runna, sem var í garðinum. Þegar _____ athugaði málið betur sá hann, að þetta var lítill lirfa, sem sat þarna á laufblaði og var greinilega mjög leið.

”Hvers vegna ertu að gráta, litla lirfa?” spurði _____.

”Það er vegna þess að ég hafði hlakkað svo mikið til að verða fallett, litskrúðugt fiðrildi,” svaraði lirfan, ”en fyrst vondi galdrakarlinn er búinn að stela öllum litunum þá verð ég bara

grátt og ljótt fiðrildi í staðinn! Úhú-hú!”

Nú varð _____ mjög reiður út í vonða galdrakarlinn. Hann tók mikilvæga ákvörðun.

”Veistu hvað – við skulum bara fara til galdrakarlsins og fá hann til að skila öllum litunum aftur! Þá getur þú orðið fallegasta fiðrildi í heimi!”

Litlu lirfunni fannst þetta frábær hugmynd. Hún hætti að gráta, og vinirnir tveir lögðu strax af stað í hina löngu og ströngu ferð til galdrakarlsins. Lirfan gat ekki farið sérlega hratt yfir sjálf, svo að hún sat á öxlinni á _____.

Leið þeirra lá gegnum stóran skóg. Allt var grátt og drungalegt: bæði laufblöðin, trjábolirnir og blómin í skógarbotninum. En _____ fann ennþá ilminn af blómunum, og undir einu trénu tíndi hann lítinn vönd af blómum sem ilmuðu alveg sérstaklega vel.

Skömmu síðar rákust _____ og lirfan litla á hressilega stelpu með fléttur sem stóðu út í loftið. Hún virtist vera að að leita að einhverju.

”Góðan daginn!” sagði _____. Svo sá hann allt í einu hver stelpan var. ”Heyrðu, ert þú ekki Lína Langsokkur? Ég þekkti þig næstum ekki vegna þess að hárið þitt er ekki rautt lengur heldur grátt!”

”Komdu sæll,” svaraði Lína. ”Jú, ég er Lína Langsokkur. Ég er að leita að leynistað sem ég fann hérna fyrir löngu. Það var holt tré sem það voru fallett rauð blóm allt í kringum. Þau ilmuðu svo yndislega.”

”Voru það kannski svona blóm?” spurði _____ og rétti Línu blómvöndinn.

Lína þefaði af blómunum og rak upp fagnaðaróp. ”Jibbí! Jú, það voru einmitt svona blóm. Hvar fannstu þau?”

_____ sýndi Línu það. Lína gekk að trénu, stakk höndinni inn um holu sem var í trjástofninum og dró fram tvo hluti: gamla, ryðgaða blikkdós og flauelspoka. Blikkdósina setti hún kát á hausinn en rétti _____ pokann.

”Takk fyrir að hjálpa mér að finna leynistaðinn aftur. Þennan poka vil ég gefa þér að launum. Ég hugsa að þetta sé galdrapoki!”

”Takk Lína,” sagði _____. ”Það var gaman að hitta þig!” Svo héldu hann og lirfan ferð sinni áfram.

Innan skamms voru þau komin að kastala galdrakarlsins. Það var auðvelt að þekkja hann, því að það var eini staðurinn í öllum heiminum þar sem það voru ennþá litir.

_____ herti upp hugann og bankaði að dyrum. Skömmu síðar kom galdrakarlinn til dyra. Hann var greinilega í vondu skapi.

”Hvað vilt þú, krakkabjáni?” spurði hann dónalega.

_____ var svolítið smeykur við hann en svaraði samt fullum hálsi: ”Það var ljótt af þér að taka alla litina, og ég vil að þú skilir þeim strax aftur!”

Galdrakarlinn hló hæðnislega. ”Allt í lagi, ef þú leysir eina þraut fyrir mig. Þú verður að láta mig fá 10 hluti sem byrja á L, og það strax!”

_____ var alveg ráðalaus – hann var ekki með neitt sem byrjaði á L. En svo hvíslaði lirfan að honum: ”Reyndu að nota galdrapokann sem Lína gaf okkur!” _____ vissi ekki hvað hann ætti annars að gera, svo að hann reyndi þetta. Hann stakk höndinni niður í pokann og dró upp...

[...]

Galdrakarlinn var greinilega kominn í fýlu því að _____ hafði leyst þrautina svona auðveldlega. En hann rétti honum samt lykil. ”Hérna, strákur. Með þessum lykli geturðu sleppt litunum lausum. Þú verður að segja nöfnin þeirra hátt og snjallt um leið og þú sleppir þeim svo þeir ruglist ekki og blandist ekki of mikið saman.”

[Barnið opnar 10 hólfa með litunum: rautt, blátt, grænt, gult, fjólublátt, appelsínugult, bleikt, brúnt, svart, hvítt. Munið að segja nöfn litanna!]

Um leið og _____ sleppti síðasta litnum lausum strunsaði galdrakarlinn reiðilega inn í kastalann sinn og skellti á eftir sér.

_____ og litla lirfan lögðu af stað heim. En á leiðinni gerðist svolítið skrýtið. Litla lirfan breyttist fyrst í púpu og svo í fallegt, litskrúðugt fiðrildi. Og _____ hafði haft rétt fyrir sér, því það var fallegasta fiðrildi í heimi!